



HAFNARFJÖRÐUR

FYLGISKJAL 1

2. maí 2017
Málsnr. 1608293

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði vegna lóðarinnar Fornubúðir 5.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sendist hér með Skipulagsstofnun til yfirferðar breytt deiliskipulag lóðarinnar Fornubúðir 5 í Hafnarfirði.

Óskað er eftir að fá að auglýsa breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi var auglýst 28. febrúar 2017 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu, með athugasemdafresti til 11. apríl 2017. Athugasemd barst með bréfi dags. 10.04.2017. Athugasemdum var svarað með greinargerð skipulagsfulltrúa, dags. 18.04.2017.

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 25. apríl 2017. Niðurstaða fundarins var eftirfarandi:

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og fyrir sitt leyti fyrirleggjandi tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42. gr. skipulagslaga 123/2010.

Á fundi Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 27. apríl 2017 var erindið tekið fyrir. Niðurstaða fundarins var: *Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með 7 atkvæðum gegn 3 tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42. gr. laga 123/2010. Einn bæjarfulltrúi situr hjá.*

Samantekt um málsmeðferð frá upphafi máls:

Fundur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dags: 23.08.2016. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Lagt fram bréf Jóns R. Halldórssonar f.h. Fornubúða eignarhaldsfélags ehf. dags. 16.08.2016 varðandi byggingaáform að Fornubúðum 5. Ennfremur lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags 22.08.2016. *Niðurstaða: Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í hugmyndir sem settar eru fram í bréfi Jóns Rúnars Halldórssonar, dags. 16. ágúst 2016, um uppbyggingu við Fornubúðir 5.*

Fundur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dags: 24.01.2017. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Lagt fram erindi Eignarhaldsfélagsins Fornbúðar 5 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" samkvæmt meðfylgjandi teikningu Batteríis dags. 18.01.2017

Niðurstaða: Skipulags- og byggingarráð fagnar því að starfsemi Hafrannsóknarstofnunar muni flytja starfsemi sína í Hafnarfjörð. Mikilvægt er að vel takist til við hönnun fyrirhugaðar byggingar sem er á mjög áberandi stað á hafnarsvæðinu og blasir við miðbænum. Skipulags- og byggingarráð leggur áherslu á að byggingin verði brotin upp með efni og formi og að útlitsteikningar verði lagðar fyrir ráðið.

Skipulags- og byggingarráð heimilar fyrir sitt leyti að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur til við bæjarstjórn:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Fundur hafnarstjórnar Hafnarfjarðar

Dags: 25.01.2017. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Tekið fyrir erindi Eignarhaldsfélagsins Fornbúðar 5 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" samkvæmt meðfylgjandi teikningu Batteríis dags. 18.01.2017

Niðurstaða: Hafnarstjórn fagnar því að Hafrannsóknarstofnun mun flytja starfsemi sína á athafnasvæði Hafnarfjarðarhafnar og sér í því margvísleg tækifæri til að styrkja stöðu hafnarinnar og almenna starfsemi og þjónustu á hafnarsvæðinu.

Hafnarstjórn tekur undir þau sjónarmið skipulags- og byggingarráðs að vel takist til við hönnun fyrirhugaðrar byggingar sem er á mikilvægum og áberandi stað á hafnarsvæðinu og leggur áherslu á að útlitsteikningar verði kynntar fyrir hafnarstjórn.

Hafnarstjórn heimilar fyrir sitt leyti að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur til við bæjarstjórn:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Dags: 01.02.2017. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Lagt fram erindi Eignarhaldsfélagsins Fornbúðar 5 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" samkvæmt meðfylgjandi teikningu Batteríis dags. 18.1.2017

Niðurstaða: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með 7 atkvæðum að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á "Deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði" í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einn er á móti og þrjú sitja hjá.

Fundur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dags: 25.04.2017. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Tekið fyrir að nýju en skipulags- og byggingarráð heimilaði fyrir sitt leyti að deiliskipulagsbreytingin yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem samþykkt var í bæjarstjórn 1.2. s.l. Tillagan var auglýst frá 28.02.2017-11.04.2017 og athugasemd barst með bréfi dags.

10.04.2017. Lögð fram greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 18.04.2017.

Niðurstaða: Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42. gr. skipulagslaga 123/2010. og gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar: "Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42.gr. laga 123/2010."

Fundur Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Dags: 27.04.2017. Afgreiðsla erindisins á fundinum var eftirfarandi:

Tekið fyrir að nýju en skipulags- og byggingarráð heimilaði fyrir sitt leyti að deiliskipulagsbreytingin yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem samþykkt var í bæjarstjórn 1.2. s.l. Tillagan var auglýst frá 28.02.2017-11.04.2017 og athugasemd barst, dags.10.04.2017.

Lögð fram greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 18.04.2017.

Niðurstaða: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með 7 atkvæðum gegn 3 tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42.gr. laga 123/2010. Einn bæjarfulltrúi sat hjá.

Bókun:

"Bæjarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar óska að bókað verði eftirfarandi: Höfnin og umhverfi hennar er atvinnusvæði sem ber að standa vörð um. Höfn Hafnarfjarðar er auðkenni Hafnarfjarðar og skiptir miklu máli að íbúabyggð og skrifstofuhúsnæði hreki ekki í burtu hafnarstarfsemina. Ef blanda á hafnarstarfsemi við aðra starfsemi eða íbúabyggð ber að gera það með heilstæðum hætti og vanda til verka, ekki með einstaka deiliskipulagsbreytingum eftir óskum eigenda lóða á hafnarsvæðinu. Ekki verður séð hvaða tilgangi það þjóni að veita umræddum lóðarhafa byggingarétt sem er langt umfram þörf Hafrannsóknarstofnunar fyrir húsnæði og á skjön við fyrirbyggjandi deildiskipulagsforsögn svæðisins."

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,



Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Hjálagt:

Undirritaður deiliskipulagsuppráttur dags. 18.01.2017

Svör skipulagsfulltrúa við athugasemdum, dags.18.04.2017

Athugasemdir, dags. 10.04.2017

Afrit af auglýsingum í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu

Umsögn skipulagsfulltrúa dags 22.08.2016

Bréf Jóns R. Halldórssonar f.h. Fornubúða eignarhaldsfélags ehf. dags. 16.08.2016

